

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

215. fundur

Föstudaginn 27. mars 2015 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs., á Hesthálsi 14, Reykjavík og hófst hann kl. 11:00

Mætt voru:

Bryndís Haraldsdóttir, Sigrún Edda Jónsdóttir, Theódóra S. Þorsteinsdóttir, Kristín Soffía Jónsdóttir og Einar Birkir Einarsson.

Fjarverandi, Gunnar Valur Gíslason.

Fundinn sat einnig Jóhannes S. Rúnarsson, framkvæmdastjóri og fundarritari var Ástríður Þórðardóttir, fjármálastjóri.

Dagskrá fundar:

1. Aksturútbóðið
2. Útboð vegna olúkaupa hjá Strætó
3. Umboð til handa framkvæmdastjóra varðandi gerð kjarasamninga
4. Aðalfundur Strætó
5. Fjárhagsáætlun 2015
6. Mjódd – staðan
7. Fjölmiðlagreining

Tekið fyrir:

1. Akstursútboð

Umfjöllunum um fyrirhugað akstursútboð á höfuðborgarsvæðinu.

Framkvæmdastjóra falið að koma með tillögu í samræmi við umræður á fundinum, sem lögð verði fyrir eigendavettvang Strætó.

2. Útboð vegna olúkaupa hjá Strætó

Samningur um olúkaup frá því í apríl 2012 rennur út í júní 2015. Undirbúningur vegna útboðs á olúkaupum er þegar hafinn í samráði við innkaupadeild Reykjavíkurborgar.

Framkvæmdastjóra veitt heimild til að bjóða út olúkaup Strætó.

3. Kjarasamningur

Strætó semur við tvö stéttarfélög, annarsvegar við starfsmannafélag Reykjavíkurborgar (STVR) og hinsvegar FIT. Núgildandi kjarasamningarnir eru báðir með gildistíma til apríl 2015.

Samþykkt að veita framkvæmdastjóra heimild til að leiða kjarasamningsviðræður við stéttarfélögin og undirrita kjarasamning fyrir hönd Strætó bs með fyrirvara um samþykki stjórnar.

4. Aðalfundur Strætó

Framhaldsumræður frá fundi stjórnar 15. mars sl. um fyrirhugaðan aðalfund Strætó.

Framkvæmastjóra falið að vinna áfram af þessu.

5. Fjárhagsáætlun 2015

Framkvæmdastjóra falið að yfirfara fjárhagsáætlun 2015

6. Húsnæðisbreytingar Mjódd

Lagt fram minnisblað, dagsett 26. mars 2015. Húsnæðisframkvæmdir í Þönglabakka 4 (Mjódd) ganga vel og eru á tímaáætlun. Jafnframt er gert ráð fyrir að uppfærð kostnaðaráætlun upp á 53 m.kr. standist.



Handwritten signatures and initials, including 'SB', 'BH', and 'KSH', along with the number '1'.

7. Fjölmiðlagreining

Hannes Rúnar Hannesson, sölu- og þjónustustjóra Creditinfo- fjölmiðlavaktin, fór yfir niðurstöður fjölmiðlagreiningar fyrir árið 2014.

8. Önnur mál

- a) Smáþjóðaleikar, samþykkt að framkvæmdastjóri vinni áfram að þessu.


Fleira var ekki tekið fyrir.


Fundi slitið kl. 13:30


Fylgiskjöl:

- ✓ Minnisblað um húsnæðisbreytingar í Mjódd
- ✓ Fjölmiðlagreining fyrir árið 2014 - niðurstöður


Bryndís Haraldsdóttir


Kristín Soffía Jónsdóttir


Theódóra S. Þorsteinsdóttir


Einar Birkir Einarsson


Sigrún Edda Jónsdóttir